

4. Fundur stjórnar Farsældarráðs Vestfjarða, haldinn í fjarfundi þann 19. maí 2026 kl. 10:00

Mætt voru: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Þorgeir Pálsson, Dagný Finnbjörnsdóttir og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir boðuðu forföll.

Auk þeirra sat fundinn Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs og ritaði hún einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Fundur stjórnar Farsældarráðs Vestfjarða

- 1. Niðurstöður fyrsta fundar farsældarráðs Vestfjarða**
- 2. Nýjar sveitarstjórnir skipa nýja fulltrúa í farsældarráð Vestfjarða**
- 3. Önnur mál**

1. Niðurstöður fyrsta fundar farsældarráðs Vestfjarða

Farið var yfir þær hugmyndir að aðgerðum sem settar voru fram á fyrsta fundi farsældarráðs þann 13. maí síðastliðinn. Sú aðgerð sem talin var brýnst var ungmennahús og fóru fram umræður um slíka aðgerð. Ákveðið var að næsta skref væri að eiga samtali við ungmenni sem eru 16 ára og eldri varðandi hugmyndina að aðgerðinni. Umræður sköpuðust um forvarnir, þá varðandi áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna og ungs fólks á Vestfjörðum. Ákveðið var að boða til fundar með sveitarfélögunum, lögreglu, Menntaskólanum á Ísafirði og forvarnarhópnum VáVest til þess að ræða málið frekar. Rætt var um ungmennaráð og barnvæn samfélög, aðgengi menntaskólanema að menntun. Sveitarfélög á Vestfjörðum eru í samtali við ráðuneytið um að stuðningur verði veittur til þess að einn menntaskóli geti þjónustað alla Vestfirði, þetta samtali gengur ekki nægilega vel. Erna bauðst til þess að taka þetta samtali upp við sína tengiliði í ráðuneytinu.

2. Nýjar sveitarstjórnir skipa nýja fulltrúa í farsældarráð Vestfjarða

Rætt var að í kjölfar sveitarstjórnarkosninga þann 16. maí síðastliðinn þurfa sveitarfélögin að skipa aftur í farsældarráð Vestfjarða sem og í stjórn ráðsins.

3. Önnur mál

Ákveðið var að fundurinn yrði sá síðasti fyrir sumarfrí. Verkefnastjóri farsældarráðs myndi nýta sumarið til þess að móta aðgerðaráætlun sem verður tilbúin í

september. Verkefnastjóri mun óska eftir samtölum og fundum í tengslum við aðgerðirnar við viðeigandi samstarfsaðila.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 11:00.